

## Tillögur frá grásleppunefnd 28. aðalfundar

### Landssambands smábátæigenda

1. Hafrannsóknastofnunin rannsaki hvaða áhrif flottrollsveiðar hafi á stærð grásleppustofnsins, þar með talið hversu mikill meðafli er af grásleppu og grásleppuseiðum við flottrollsveiðar. Ennfremur að Fiskistofa upplýsi um meðafla sundurgreindan eftir tegundum við flottrollsveiðar tímabilið 2008 – 2011.
2. **Aðalfundur LS** samþykkir að veiðidögum á grásleppu verði fækkað um 30% vegna markaðsaðstæðna, svo fremi sem aðrar grásleppuveiðipjóðir geri slíkt hið sama.
3. **Aðalfundur LS** leggur til að upphafstími grásleppuveiða á svæðum A, B (ytra svæði) og C verði 1. apríl, svæði D 20. mars, E (Skagatá – Tjörnes) 10. mars, E (Kópasker – Þórshöfn) 20. mars og svæði F 30. mars
4. **Aðalfundur LS** leggur til að netafjöldi á hvern mann við grásleppuveiðar verði breytt í samræmi við breyttar aðstæður við veiðarnar. Flestir bátar eru komnir með niðurlaggjara og margir farnir að láta slægja í landi, þannig að vinnan á sjónum hefur minnkað til muna. Fundurinn vill miðað verði við að heildarnetafjöldinn yrði óbreyttur en að 150 löng net miðist við tvo menn í stað þriggja.
5. **Aðalfundur LS** leggur til að gerðar verði breytingar á reglugerð um merkingar veiðarfæra á þann hátt að leyfilegt verði að nota belgi til merkingar á netum að því tilskildu að þeir verði 40 tommur að stærð.  
Greinargerð.  
Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

6. **Aðalfundur LS** fordæmir þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við breytingar á veiðitíma í grásleppu fyrir ytra svæði á Breiðafirði.
  
7. **Aðalfundur LS** mótmælir afskiptum Hafrannsóknastofnunarinnar af veiðistjórnun á grásleppu og telur að hún sé engan veginn í stakk búin til að veita ráðgjöf af því tagi sem hún gerir í skýrslu sinni: Ástand nytjastofna á Íslandsmiðum 2011/2012 og aflahorfur fiskveiðiárið 2012/2013.
  
8. **Aðalfundur LS** leggur til að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.
  
9. **Aðalfundur LS** krefst þess að ákvæði sem fjallar um umvitjun neta verði felld úr gildi.
  
10. **Grásleppunefnd LS 2012 – 2013:**

Guðmundur Jónsson	Hafnarfirði
Guðmundur R. Guðmundsson	Drangnesi
Hafþór Jónsson	Patreksfirði
Kári Borgar Ásgrímsson	Borgarfirði eystra
Klemens Einarsson	Keflavík
Valentínus Guðnason	Stykkishólmi
Sigurður Kristjánsson	Húsavík